

# FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi

1. tbl. 2. árgangur

Apríl 2006





# Hörkutól Eðalvagn

HYDA.HISB / SIA-5477



Mitsubishi Pajero Dakar – 35" breyttur.

## Staðalbúnaður í Pajero GLX:

Öflug 3.2 lítra DI-D dísilvél • 5 þrepa sjálfskipting  
fjölválsbúnaður á drifi • driflæsing að aftan • sjálfstæð  
fjöðrun á öllum hjólum • heildstæð yfirbygging •  
7 manna – niðurfellanleg aftursæti • skyggðar  
afturrúður • álfelgur • þakbogar • skriðstillir • o.fl.

**Mitsubishi Pajero** er sigursælasti  
bíll frá upphafi í Paris-Dakar rallinu.  
Pajero er tilbúinn í allt sem þú leggur á  
hann – og það er öruggt að það fer vel  
um þig á meðan.



## Frímúrarinn

### Ritstjóri:

Steinar J. Lúðvíksson (X),  
netfang: [steinar@frodi.is](mailto:steinar@frodi.is)

### Ritstjórn:

Einar Einarsson  
R&K YAR (ábm.),  
netfang: [einuna@simnet.is](mailto:einuna@simnet.is)  
Björn Kristmundsson (X)

Guðbrandur Magnússon  
(IX), netfang:

[gmagnus@yahoo.com](mailto:gmagnus@yahoo.com)

Steingrímur S. Ólafsson  
(VIII), netfang:

[denni@islandia.is](mailto:denni@islandia.is)

### Auglýsingar:

Björn Kristmundsson (X)  
Klapparhlíð 5,  
270 Mosfellsbær  
Sími: 553 3847/894 4353

### Frímúrarinn:

Greinar sendist til  
[frimur@centrum.is](mailto:frimur@centrum.is)  
merktar „Frímúrarinn“

### Útgefandi:

Frímúrarareglan á Íslandi  
Skúlagata 53-55,  
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Ritstjórn áskilur sér rétt til  
að ritstýra aðsendu efni.

### Prentun:

Prentsmiðja Suðurlands,  
Selfossi.

Efni greina í blaðinu eru  
skoðanir höfunda og þurfa  
ekki að vera í samræmi við  
skoðanir Reglunnar.

Forsíðumynd er frá  
Menningarnótt  
í Reykjavík 2005.

„Markmið Reglunnar  
er að göfga og bæta  
mannlífíð.

Reglan vill efla góðvild  
og drengskap með  
öllum mönnum  
og auka bróðurþel  
þeirra á meðal.“

# Upplýsingar - krafa nýrra tíma

Mörgum þótti nokkrum tíðindum sæta þegar Frímúrarareglan ákvað að hefja útgáfu tímarits. Ekki vegna þess að útgáfa á nýju blaði sé í sjálfu sér tíðindi, heldur fyrst og fremst vegna þess að löngum hefur lítið verið fjallað um málefni Reglunnar opinberlega og frímúrarar raunar forðast umræður um hana og félagsstarfið. Þótt Frímúrarinn sé gefinn út sem félagsblað fer ekki hjá því að blaðið fái athygli og lestur fólks utan Reglunnar og eins og Einar Einarsson, ábyrgðarmaður blaðsins, benti á í fyrsta ritstjórnarpistli blaðsins, verður efni tímaritsins við það miðað að hver sem er geti haft það undir höndum.

Blaðið Frímúrarinn er tákn breyttra tíma. Krafa nútímans er tvímælalaust sú að miðlun upplýsinga eigi að vera sem mest, best og aðgengilegust og að fjölmiðlar, hverju nafni sem þeir nefnast, eigi að þjóna því hlutverki að koma vitneskjunnni á framfæri. Þau eru að verða fá heimilin á Íslandi sem ekki hafa aðgang að Netinu og það sem meira er að notkun þess er ótrúlega mikil og algeng. Og hvort sem frímúrarur líkar betur eða verr er mikið fjallað um Frímúrararegluna á þeim vettvangi og koma þar bæði fram réttar og rangar upplýsingar.

Frímúrarareglan er leyniregla. Hugsjónir hennar og það sem Reglan stendur fyrir hefur þó aldrei verið neitt leyndarmál. Sá þagnarhjúpur sem um aldir var um störf Reglunnar varð hins vegar tvímælalaust til þess að margir fengu um hana ranghugmyndir, nýttu sér þögnina og það að frímúrarar komu sér lítt til varnar væri að þeim og félagi þeirra veist. Þess eru mörg dæmi að í einræðisþjóðfélögum hafi verið veist að frímúrarurum og þeir jafnvel ofsóttir. Sem dæmi um slíkt má nefna að forystumenn Þriðja ríkisins töldu frímúrarara í hópi óvina sinna og gáfu fyrirmæli um að öllu sem þeim tengdist og Reglunni skyldi eytt. Á Íslandi hefur Reglan þó frá upphafi mætt velvild frekar en andúð og er meginástæða þess vafalaust sú að í hana hafa valist til forystu menn sem nutu trausts og virðingar í þjóðfélaginu.



Við blasti líka að þeir sem voru frímúrarar voru ekki síður nýtir borgarar en aðrir.

Leyndin um störf frímúrarara felst fyrst og fremst í því að samkvæmt ævagömlu fyrirkomulagi sem starf Reglunnar byggir á þá er aðferðafræðin við þá mannrækt sem þar er stunduð ekki gerð opinber öðrum en þeim sem verða frímúrarabræður, svo og fundasiðir og fundaform. Það

er ekki leyndarmál að fræði Reglunnar byggja mikið á táknum og óræðum aðferðum við að nálgast það mark sem hún stefnir að. Það er því styrkur Reglunnar að halda slíku fyrir sig og á vafalaust þátt í því hve öflug hún er og hversu margir tengjast bræðralaginu víða um lönd. Með þessu er hlúð að rótum fræðanna í þeim tilgangi að sá viður vaxi af vísi sem komi ekki aðeins bræðrunum heldur þjóðfélaginu öllu til góða.

Utanaðkomandi aðili sem sá 1. tbl. Frímúrarans hjá undirrituðum hafði það einkum á orði er hann skoðaði blaðið að sér þætti áhugavert hversu mjög frímúrarar legðu upp úr því að skreyta sig með bordum og merkjum. Sjálfsagt vita það flestir að frímúrarar klæðast kjólfötum á fundum sínum. Tilgangurinn með slíkum klæðaburði er ekki sá að vera „fínn“ ef svo má að orði komast, heldur er hann fyrst og fremst táknrænn. Á sama hátt hafa merki og bordar sem bræður bera táknræna merkingu í reglustarfinu.

Við, bræðurnir sem skipum ritstjórn Frímúrarans getum ekki verið annað en ánægðir og þakklátir fyrir þær undirtektir sem blaðið hefur fengið. Fjölmarginir bræður hafa haft samband við okkur og þakkað fyrir sendinguna og kannski hefur það glatt okkur meira en flest annað í tengslum við útgáfuna að frá mörgum þeirra höfum við heyrt þau orð að útgáfan verði til þess að skapa aukinn áhuga og samkennd meðal frímúrarabræðranna. Ef sú er raunin hefur tilgangurinn sem lagt var upp með þegar útgáfan var ákveðin náðst.

Steinar J. Lúðvíksson, ritstjóri.

# Stórhátíð 2006

Stórhátíð Frímúrarareglunnar á Íslandi fór fram í Regluheimilinu fimmtudaginn 23. mars s.l. Fundurinn var fjölmennur eins og

Reglunnar og markar upphaf nýs Regluárs, var með hefðbundnum hætti. Á fundinum í ár urðu tveir bræður R&K, en það voru þeir Sr.

sínum stúkum á sínum tíma og ekki síður fyrir störf þeirra hin síðari ár.

Sr Bragi Ingibergsson, Rm úr St. Jóh. st. Hamri flutti hugvekju á



SMR ávarpaði bræður í borðhaldi.



Fjölmennnt var á Sth í ár.

ævinlega, en í ár sóttu hann 215 bræður og er því óhætt að segja að bekkurinn hafi verið þéttar setinn en oft áður. Dagskrá Stórhátíðar, sem er nokkurs konar aðalfundur

Úlfar Guðmundsson úr Röðli og Skúli Lýðsson úr Akri. Báðir hafa þeir starfað fyrir Regluna um langt árabil og eru bræðrunum að góðu kunnir fyrir verk sín, styrka stjórn á

fundinum og ræddi þar um sannleikann og lygina. Rifjaði hann upp hina gömlu sögu um þegar lygin stal fötum sannleikans, sem síðan hefur verið nakinn en lygin dulbýr sig í búningi sannleikans. Varð honum tíðrætt um eðli sannleikans og birtingarform hans í hinu daglega lífi. Var gerður góður rómur að máli Braga sem svo sannarlega varð tilefni umræðna meðal bræðranna.

Þorsteinn Sv. Stefánsson, IVR, flutti því næst skýrslu um starf liðins starfsárs. Kom hann inn á nýliðna Regluhátíð sem fjallað er um á öðrum stað í Frímúrararanum, stólmeistaraskipti í tveimur stúkum, sem jafnframt er fjallað um á öðrum stað í blaðinu og heimsóknir RMR Péturs K. Esrasonar, í St. Jóh. st. Mælifell, Fjölni, Eddu, Gimli, fræðslustúkuna Borg og St. Andr. st. Heklu. Br. Þorsteinn fjallaði enn fremur um

fjölda funda á starfsárinu, fjölda virkra bræðra og las að lokum upp nöfn þeirra bræðra sem féllu frá á árinu.

Fjárhagur Reglunnar var næsta mál Stórhátíðar. Skúli G. Ágústsson, FHR, flutti þá skýrslu. Skýrði hann frá því að í sumar færu fram viðamiklar endurbætur á húsnæði

minnti þá jafnframt á að vandi fylgdi vegsemd hverri, því ábyrgð þeirra væri nú meiri en nokkru sinni. Þeir væru nú leiðandi á sviði hugarfars og framkvæmda.

Jón Birgir Jónsson, fyrrv. HSM, flutti minni Reglunnar og ræddi mismunandi kerfi milli landa og beindi hugsun bræðranna að því

velti því fyrir mér hvort við fylgjumst nægilega vel með þessum bræðrum. Ég er ekki að segja að við gerum það ekki en vildi biðja Stólmeistara og bræðranefndarformenn að huga vel að þessu.“

SMR minntist jafnframt á mannúðarmál almennt og velti upp þeirri spurningu hvort Reglan láti nægilega til sín taka á því sviði almennt, benti á að styrkja ætti þá sjóði sem notaðir væru til slíks. SMR sagði ennfremur:

„Ég hef oft sagt það og vil ítreka það enn að við megum og eigum að vera þakklátir, gladdir og stoltir yfir því að vera félagar í Frímúrarareglunni á Íslandi. Ég tel að það séu forréttindi sem okkur hlotnaðist þegar við gerðumst félagar í Reglunni. Ég hef oft sagt að ég tel það vera forréttindi að hafa aðgang að þeim fræðum sem hér eru kennd. Við félagar í Frímúrarareglunni erum hvorki betri né verri menn en samferðafólk okkar, en ef við lifum eftir þeim kenningum sem Reglan leggur okkur í hendur ætti það að geta aðstoðað okkur í að verða að betri mönnum.“

Þá sagði SMR:

„Ég hef oft rætt um samband okkar við kirkjuna og vil ítreka nauðsyn þess að það sé gott. Þess vegna bræður mínir vil ég hvetja ykkur til kirkjurækni og auk þess til að taka þátt í safnaðarstarfinu hver á sínum stað og þannig stuðla að betra mannlífi. Ég held að slíkt starf gefi Reglunni óbeint aukið vægi í þjóðfélaginu auk þess sem það getur gefið okkur sjálfum meiri lífsfyllingu.“

Loks má geta þess að Sæmundur Sigurðsson úr Glitni, Einar Thorlacius úr Rún og Jón Eggert Hvanndal úr Glitni, afhentu SMR gjöf í tilefni sjötugsafmælis hans síðasta sumar, en það var hinn veglegasti gripur sem sérsmíðaður var af þessu tilefni.

SÓL.



SMR með hinum nýju R&K, Skúla Lýðssyni og Úlfari Guðmundssyni.

Reglunnar, bæði að innan og utan og er áætlað að þeim verði lokið seinni part septembermánaðar. Endurbæturnar verða nokkuð kostnaðarsamar en ljóst er að ráðast verður í þær á þessum tímamarki. Teikningar af húsinu fyrir og eftir breytingar lágu frammi á fundinum og mátti sjá að húsið verður enn glæsilegra en áður að þeim loknum.

Þórður Óskarsson, St.R, las þá upp breytingar á embættum í Landsstúkunni en hvað aðalembætti varðar má meðal annars nefna að Björn Samúelsson hefur tekið við sem E.Yf.Stv., Hilmar Guðbjörnsson og Hjörleifur Bergsteinsson sem F.SMR., Höskuldur Höskuldsson sem Bv.R., Eggert Atlason sem Ev.R., Lúðvík Eiddsson sem E.St.Stú., Björn Ragnarsson sem A.Fh. og Jónas Þórir Þórisson sem S.

Sr. Þórir Stephensen, ÆKR, ávarpaði hina nýju R&K í borðhaldinu, óskaði þeim velfarnaðar en

hvernig starfið væri hér á landi ef tekið hefði verið upp annað kerfi en það sem hér er við lýði.

SMR, Sigurður Örn Einarsson, flutti ávarp á fundinum. Hann lét ekki hjá líða að þakka öllum bræðrum fyrir góða samvinnu á Regluárinu og þakkaði jafnframt öllum embættismönnum fyrir vel unnin störf. Ekki síst þakkaði hann þeim sem létu af embættum og nefndi sérstaklega háttuppl. brr. Torfa Tómasson og Ívar Þ. Björnsson sem létu af störfum sem F.SMR.

Þá ræddi hann um dyggðirnar og minnti á þau meginmarkmið Frímúrarareglunnar á Íslandi að göfga og bæta mannlífið, efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á milli. Þá sagði SMR m.a.:

„Það eru margir bræður sem eiga um sárt að binda og sem mér finnst því miður alltof oft gleymast. Ég

# Frá Minjasafninu



## Eddubræður í útreiðartúr

Ljósmyndasafn Reglunnar hefur að geyma ýmsar skemmtilegar og fágætar myndir sem hafa verið teknar við ýmis tækifæri og hér getur á að líta eina af þeim eldri.

Hún var tekin 24. júní árið 1916, þá eins og á vorum dögum fór félagsstarfið ekki einungis fram innan veggja regluheimila. Myndin var tekin þrem árum áður en St.Jóh.st. Edda var formlega stofnuð og raunverulegt frímúrarastarf hófst hér á landi. Þessir ráðsettu bræður voru að leggja í útreiðartúr til Þingvalla og myndin sýnir okkur jafnframt helstu upphafsmenn að frímúrarastarfi hér á landi.

Þeir eru taldir frá vinstri:

Carl Olsen, Magnús Sigurðsson, Ólafur G. Eyjólfsson, Matthías Einarsson, H.S. Hansen, Ásgeir Sigurðsson, Holger Debell, Jón L. Aðils, Sveinn Björnsson, Ludvig Kaaber, Egill Jacobsen og Arent Claessen.

### En sagan á bak við myndina er þessi.

Matthías Einarsson gaf stúkunní Eddu gráan gæðing og átti að selja hann á uppboði til að afla fjár fyrir væntanlega stúkubýggingu. Þegar komið var á Þingvöll hófst uppboðið og var sá grái sleginn á tvö þúsund krónur, sem var stórfé á þeim tíma. Sá sem keypti hann gaf stúkunní hestinn aftur og enn var hann settur á uppboð og sleginn enn á ný fyrir tvö þúsund krónur og í þriðja og fjórða sinn var hesturinn sleginn og seldur. Að lokum keypti Carl Olsen hestinn fyrir 2.000 krónur og gaf Ludvigi Kaaber hann með því skilyrði að hann setti hann ekki á uppboðið aftur.



## Saltsverðið

Saltsverðið er eitt af merkilegri munum á Minjasafni Reglunnar.

Þetta sverð fannst fyrir tilviljun í saltfarmi sem kom með skipi frá Spáni til Ísafjarðar í kringum 1920. Það var Jón S. Eðvald kaupmaður og ræðismaður á Ísafirði sem komst yfir sverðið og gaf það síðan St.Jóh.st. Eddu. Þetta sverð er eitt af þrem sem vitað er um að séu til í heiminum dag. Á því er frímúraramerki öðrum megin, en hinum megin er bókstafurinn M og þrjár punktar í kring. Svo er hauskúpa efst og krosslögð bein eru hjöltun. Sverðið er talið frá 1775 og smíðað á Ítalíu. Samskonar sverð er til í Minjasafni frímúrara í Stokkhólmi.

Sverðið var notað fyrstu árin í starfinu í Eddu og þá við hátíðleg tækifæri. Bræðrunum þótti meira til þess koma en til þeirra sverða sem venjulega voru notuð.

Stofnun Minjasafns Reglunnar átti sér langan aðdraganda en ef til vill var fyrsti steinninn lagður að grunni þess árið 1919, er St.Jóh.st. Edda eignaðist stúkueinkenni og korða Gríms Thomsen, skálds og alþingismanns.

Minjasafn Reglunnar var opnað formlega árið 1975 og var því valinn staður í eldri hluta Regluheimilisins við Borgartún. Br. Sveinn Kaaber var fyrsti minjavörður Reglunnar og lagði safninu til marga merkilega muni úr einkaeign sem varð í raun grunnur þess.

Minjasafnið hefur einnig öðrum skyldum að gegna. Á löngum ferli í sögu eins virðulegrar stofnunnar og Frímúrarareglunnar, hefur hún eignast myndarlegt safn af ljósmyndum sem teknar hafa verið við ýmis tækifæri í starfi hennar.

Ljósmyndasafn Reglunnar er í umsjá Minjasafnsins. Hafa nú á sjöunda þúsund myndir verið færðar inn í tölvu. Fylgja þeim ítarlegar upplýsingar. Margar myndirnar eru áratuga gamlar og veita þær sýn inn í liðna tíð.

Jón Þór Hannesson Mv.R



„Það er ósk vor allir kærur bræður að eflast megi félagsþroski vor. Við biðjum þann, sem aleinn öllu ræður að ennþá vaxi drengskapur og þor. Með tryggð og festu tökum saman höndum og túlkum okkar fögru sjónarmið við hver og einn, og allir saman stöndum svo engin sundrung spilli vorum frið.“

Svo segir í Bræðraljóði Sigurðar Vigfússonar og rétt eins og í fleiri ljóðum sem við lesum og heyrum flutt innan veggja Regluheimilisins er boðskapurinn og tónninn sá sami. Trúin á þann sem öllu ræður, undirstrikun dyggðanna og síðast en ekki síst - samhljómur, samstaða, vinátta bræðranna. Trúin, dyggðirnar og vináttan. Þrjár sterkar stóðir sem lýsa okkur leið í endalausri leit okkar.

Mig langar að beina sjónum mínum sérstaklega að einum þessara þátta; vináttunni. Enginn dregur í efa hversu sterkt afl hún er. Ég las einhvern tímann ágæta skilgreiningu á góðum vini. Hún var á þá leið að það væri einhver sem maður gæti setið með án þess að segja orð og upplifað með honum sameiginlega kyrrð, ró og vellíðan. Þegar ég sótti um að verða Frímúrari var vinátta mér ekkert sérstaklega ofarlega í huga ef satt skal segja. Ég bjóst ekkert við að hér

# Vinátta bræðranna

myndi ég finna mér nýja vini, miklu frekar kunningja, en ég er alinn upp við að gera skýran greinarmun á vinum annars vegar og kunningjum hins vegar. Strax á fyrsta fundi fann ég hins vegar hvað vináttan skipti hér miklu máli. Hér finnst mér gott að sitja og ég upplifi hér kyrrð, ró og vellíðan og það segir mér að hér séu góðir vinir samankomnir.

„Frímúrarareglan veitir mönnum dýpri skilning á sjálfum sér og afstöðu sinni til þess heims sem þeir lifa í. Hún hvetur til heiðarleika og drengskapar í hvívetna og getur verið grundvöllur dýrmætra vináttubanda“ segir í kynningarefni Reglunnar. Grundvöllur dýrmætra vináttubanda. Svona skrifar einungis sá sem upplifað hefur.

Ekkert er nýtt undir sólinni og um þá sterku þörf mannsins að eiga góða vini hafa verið flutt mörg erindi, skrifaðar margar bækur og ófá gullkornin fallið af vörum mikilla hugsuða. Þau er ekki síst að finna í Hávamálum, hvar segir:

„Veistu, ef þú vin átt,  
þann er þú vel trúir,  
og vilt þú af honum gott geta,  
geði skaltu við þann blanda  
og gjöfum skipta  
fara að finna oft.“

Rómverjanum Cicero var vináttan einnig hugleikin, svo mjög raunar að hann skrifað um hana heila bók; „Um vináttuna“. Rétt er þó að geta þess að orðið vinátta hafði aðeins víðtækari merkingu hjá Grikkjum en hún hefur hjá okkur í dag. Vinátta þýddi vissulega gagnkvæma ástúð einstaklinga en jafnframt gagnkvæm velvild og velgjördir í garð annarra manna, til dæmis innan stjórnmalahópa, trúflokka eða jafnvel innan samfélagsins alls. Cicero, sem

fæddist fyrir 2100 árum skrifaði meðal annars:

„Vináttan gerir fjarstadda vini nálæga, þurfandi vini ríka, óstyrka sterka og hversu mótsagnakennt sem það hljómar, dauða lifandi.“

Þetta vissu menn jafn vel fyrir rúmum 2000 árum og í dag því merking vináttunnar er tímalaus. En kannski er þetta einfaldlega bara kjarni málsins. Kannski er vináttan svo rík hér, þar sem við köllum hverjir aðra bræður og húsið Regluheimili, vegna þess hversu vel við upplifum fjarstadda vini nálæga, þurfandi ríka, veika sterka og þá látnu lifandi.

„Vinátta byggist á því að gleyma því sem maður hefur gefið og muna hvað maður hefur fengið,“ sagði Alexander Dumas.

Ég get tekið undir með Dumas og sagt að ég man hvað ég hef fengið á þeim árum sem ég hef verið hér. Ég hef eignast marga bræður, ég hef eignast annað heimili og ég hef ekki einungis eignast nýja vini, heldur hefur kunningsskapur við suma breyst í trausta og góða vináttu. Fyrir það ber að þakka. Í þessu húsi rækta bræður vináttubönd sem sameina okkur, þroska okkur, gera okkur sterkari og betri menn - og vini.

„Það er ósk vor allir kærur bræður að eflast megi félagsþroski vor. Við biðjum þann, sem aleinn öllu ræður að ennþá vaxi drengskapur og þor. Með tryggð og festu tökum saman höndum og túlkum okkar fögru sjónarmið við hver og einn, og allir saman stöndum svo engin sundrung spilli vorum frið.“

Steingrímur Sævarr Ólafsson.

## Nýr stólmeistari St. Jóh.st. Gimlis

Br. Bergur Jónsson tók við embætti stólmeistara St. Jóh. st. Gimlis þann 20. mars síðastliðinn. Bergur tók við af br. Ragnari Önundarsyni, sem gengdi embættinu síðustu 5 árin.

Br. Bergur Jónsson er fæddur 28. 02. 1955. Hann lauk stúdentsprófi frá MR 1974 og tölvunarfræði frá Háskóla Íslands 1979. Bergur starfaði hjá Skýrsluvélum



Bergur Jónsson

Reykjavíkur og ríkisins með námi 1975 til 1979. Hann var yfirmaður tölvudeildar Landsvirkjunar á árunum 1979 til 1987, framkvæmdastjóri tölvudeildar Verzlunarbancans frá 1987 til 1990 og svo sem tölvunarfræðingur hjá Hugbúnaði hf. 1990 til 1991. Hann réðst aftur til starfa hjá Landsvirkjun 1991 þar sem hann gegnir nú starfi framkvæmdastjóra

upplýsingasviðs. Br. Bergur hefur auk þess annast stundakennslu í tölvunarfræðum við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Br. Bergur gekk í St. Jóh. st. Gimli 1989 og var hann fljótlega fenginn til starfa í stúkunni. Br. Bergur hefur af miklum dugnaði og samvirkusemi gengt embætti síðameista og varameistara, nú síðast sem 1. varameistari og formaður bræðranefndar.

## Nýr stólmeistari St. Jóh.st Eddu

Hinn 14. janúar sl. tók br. Halldór Á. Guðbjarnason við embætti stólmeistara St. Jóh. st. Eddu af Sverri Erni Kaaber, er gegnt hafði embættinu í fimm ár.

Br. Halldór Á. Guðbjarnason er fæddur 20.10.1946. Hann lauk stúdentsprófi frá MA árið 1967 og viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands 1972. Hann stundaði síðan MBA-nám við Babson College í Boston í



Halldór Á. Guðbjarnason

Bandaríkjunum á árunum 1989 - 1990. Halldór hefur starfað að bankamálum meginhlutfall starfsferils síns. Hann var starfsmaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands á árunum 1971 til 1975, útibússtjóri Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum 1975 til 1980, aðstoðarbancastjóri Alþýðubancans 1981 til 1983, bancastjóri Útvegsbanka Íslands 1983 til 1987 og bancastjóri Landsbanka Íslands 1991 til 1998. Hann var framkvæmdastjóri Samkorta hf. 1987 til 1989 og árið 2000 varð hann forstjóri VISA Íslands - Greiðslumiðlunar hf. og gegnir nú þeirri stöðu.

Br. Halldór gekk í St. Jóh. st. Eddu árið 1975. Hann hefur um árabil gegnt embættum í stúkunni og hafði verið 1. Vm í nokkur ár er hann var kjörinn stólmeistari.

OPIÐ  
virka daga 9.15-16.00  
Digranesgata 2

### HRAÐBANKAR SPM

- Hyrnan
- Hyrnutorg
- Digranesgata 2
- Viðskiptaháskólinn Bifröst



SPARISJÓÐUR MÝRASÝSLU - HORNSTEINN Í HÉRAÐI

Digranesgata 2 • 310 Borgarnes • Sími 430 7500 • Fax 430 7501 • spm@spm.is • www.spm.is





## Gæði glersins skipta öllu máli

Með notkun **Suncool™ HP** gæðaglers frá Glerborg er auðvelt að halda kjörhita innandyrna og hitaústreymið er lítið.



argus - 06-0185

Dalshrauni 5 | 220 Hafnarfirði | Sími 555 3333 | [www.glerborg.is](http://www.glerborg.is)

**nashuatec**

# Kauptu tímalausa hugmynd



**Nýjasta tækni frá Nashuatec sannar að góð hugmynd er tímalaus hafi menn kunnáttu og dug til að nýta hana.** Nashuatec-samstæðan er fjölnota tæki sem kristallaðist úr hugmynd sem mannsheilinn setti saman af sinni einstöku snilld - samstæðu einstakra verkfæra. Að ljósrita, prenta, faxa eða skanna eru aðeins nokkrir sjálfsgaðir eiginleikar Nashuatec-samstæðunnar.

**Ljósrita eða prenta A3 eða minna, beggja vegna í lit eða hvortveggja í einu.** Skanna eða faxa, hefta – eða senda beint með tölvupósti í fullum lit. Hér er ekki aðeins um að ræða samskipti á pappír, heldur einnig rafræn samskipti yfir innri vefi fyrirtækja eða veraldarvefinn. Þetta er Nashuatec-samskiptatæknin eins og hún gerist best. Hún er sköpuð fyrir hagræði og betri samskipti á nútíma skrifstofu.

**Hafðu samband við ráðgjafa Nashuatec á Íslandi.** Komdu og kynntu þér nýja tíma og miðlæga vinnslu gagna úr einu tæki. Komdu og kynntu þér hagstæða þjónustusamninga með allt að 5 ára ábyrgð.

Nashuatec stendur fyrir áreiðanleika, hagstæðan rekstur og frábæra þjónustu sem er grundvallaratriði í nútíma skrifstofuhaldi. Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa.

**OPTIMA**

Vínlandsleið 6-8 - Sími 588 9000

GGI - GSET COMMUNICATIONS INTERNET DVANL ISLANDI

# Heimsókn að Blegdamsvej í Kaupmannahöfn

## Ferðasaga Njálubræðra og systra

Það voru 40 Njálubræður og systur sem lögðu land undir fót þann 30. nóvember 2005. Undirbúningur ferðar hafði staðið í all nokkurn tíma og var að mestu á herðum br. Kristjáns Haraldssonar f.v. Stm. St. Jóh. st. Njálu. Undirbúningur að slíkri ferð er nákvæmnisverk og mjög mikilvægt að samskipti við aðalskrifstofu Reglunnar og bræður okkar í Kaupmannahöfn fari eftir settum leikreglum.

Farið var að morgni miðviku-

smáum herbergjum og upp í marga sali sem taka nokkur hundruð manns hver. Fullbúnir stúkusalir eru fyrir allar gráður og eru þeir hver öðrum tilkomumeiri og fallegri. Ekki verður of djúpt í árina tekið, með því að segja að heimsóknin hafi heillað bræðurna og ekki síður systurnar. Að skoðunarferðinni lokinni var snæddur „dansk frokost,“ í einum af veislusölum hússins þar sem Njálubræður þökkðu fyrir sig og voru leystir út með gjöfum.

og við höfðum gert við bróður-máltíðina með Hafniabræðrum kvöldið áður. Á meðan við bræðurnir sóttum fundina, fóru systurnar saman út að borða.

Á föstudeginum var farið í heimsókn í íslenska sendiráðið þar sem sendiherra okkar Íslendinga, Svavar Gestsson og starfsfólk hans, tóku á móti okkur með glæsibrag. Var einkar forvitnilegt og gaman að koma í þetta gamla en uppgerða hús við Strandgade 89 Kaupmannahöfn.

Gaman er að geta þess að með í för okkar Njálubræðra var elsti núlifandi bróðir okkar, br. Guðmundur Guðmundsson, ásamt konu sinni, Margréti Gísladóttur, en Guðmundur er meðal annars f.v. Vm. Njálu og verður níraður 11. apríl í ár. Þá er rétt að fram komi að dansk-íslenskur bróðir okkar, hinn 87 ára gamli br. Jón Magnússon f.v. OM STJL Hafnia, var okkur mjög hjálplegur og skipulagði móttöku okkar af miklum myndarskap. Þrátt fyrir háan aldur hans var hann með hópnum í öll þrjú skiptin sem við komum í húsið og lék við hvern sinn fingur.

Dagskrá okkar Njálubræðra og systra lauk svo með sameiginlegum málsverði á laugardagskvöldinu en þá fórum við í Tívolí og nutum ríkulegs jólahlaðborðs.

Seinnipart sunnudagsins var síðan heimferð flestra ferðalanga og lauk með henni sérlega vel heppnaðri heimsókn. Veður var ekki til að kvarta yfir, stillt og þurrt. Ekki er nokkur vafi á því að með slíkum ferðum er lagður grunnur að enn nánari og traustari bræðra- og systraböndum. Áður hafa Njálubræður og systur farið í tvær skipulagðar heimsóknir til útlanda, þ.e. Frakklands og Englands, og ljóst að áhugi er á að halda þeim áfram í náinni framtíð.

*Skrifað á Góu 2006.*

*Eiríkur Finnur Greipsson.*



*Hér er hópurinn samankomin í stúkuhúsinu í Kaupmannahöfn.*

dagsins 30. nóvember. Gistum við á Copenhagen Strand Hotel rétt við Nýhöfnina og líkaði mjög vel. Strax þá um kvöldið sóttu Njálubræður fund á III° í STJL Hafnia, hvar okkur var einkar vel tekið. Var okkur tjáð að heimsókn okkar Njálubræðra í Hafnia þetta kvöld hafi leitt til þess að sá fundur varð einn sá allra fjölmennasti sem haldinn hefur verið í stúkunni á III°!

Strax morguninn eftir fór allur hópurinn í skoðunarferð í Regluheimilið danska, við Blegdamsvej í Kaupmannahöfn. Þar var hópnum skipt í tvennt, og var, svo ekki sé meira sagt, hreint ótrúleg upplifun að skoða þetta merkilega hús. Alls eru þar um 335 herbergi, allt frá

Enn á ný lá leið Njálubræðra í húsið mikla við Blegdamsvej, að kvöldi 1. desember, en nú á I° í STJL Veritas, sem er ein yngsta stúkan í Regluheimilinu í Kaupmannahöfn. Var það jólafundur og okkur öllum sérlega eftirminnilegur, enda var á honum upptaka nýs frímúrara-bróður. Vorum við Njálubræður sammála um að gott skipulag og kraftur væri í stúkustarfi okkar dönsku bræðra. Viðmót þeirra í garð okkar var sérlega vingjarnlegt og var borðhaldið eftir jólafundinn einnig mjög áhrifaríkt og ánægjulegt. Að sjálfsögðu þökkuum við fyrir okkur og færðum bræðum okkar í Veritas mynd af stórbrotnu landslagi Vestfjarða líkt

# Regluhátíð 2006

**Laugardaginn 7. janúar 2006 var haldin árleg Regluhátíð Frímúrarareglunnar á Íslandi í Regluheimilinu við Skúlagötu. Regluhátíðin í ár var sú fjölmennasta frá upphafi, en hana sóttu að þessu sinni 406 bræður.**

Allt frá þeim tíma að frímúrarastarf hófst hér á landi hefur tíðkast að halda hátíð í janúar ár hvert. Fyrirmyndin er vafalaust komin frá Danmörku en þar var ákveðið að marka upphaf innleiðingar á hinu svokallaða sænska frímúrararkerfi með því að boða til sérstakrar hátíðar- og veislustúku í St. Jóh.st. Z&F þann 6. janúar 1855. Danir hafa allt frá þeim tíma haldið hátíð á þeim laugardegi sem næst fellur 6. janúar ár hvert þ.e. á 13. degi jóla. Stofndagur fyrstu íslensku stúkunnar, St. Jóh. st. Eddu var 6. janúar 1919. Frá þeim tíma hefur árlega verið haldin hátíð hér á landi. Frímúrarareglan á Íslandi var stofnuð 23. júlí 1951 og við stofnun hennar var ákveðið að halda Regluhátíð hennar sem næst 6. janúar ár hvert. Dagskrá Regluhátíðarinnar í ár var með hefðbundnum hætti, en öllum bræðrum er heimil þátttaka í þessum fundi. Regluhátíðin er stór í sniðum og mikið er í lagt að gera hana sem veglegasta og hátíðlegasta. Auk bræðra í Frímúrarareglunni á Íslandi voru sérstaklega boðnir til hátíðarinnar fulltrúar erlendra Reglna. Frá Danmörku kom J. C. Brenjegaard-Madsen R&K, YAR, frá Noregi þeir Olav Lyngset, R&K, HSM og Magne Lyngstad R&K. Frá Svíþjóð kom Anders Grafström R&K St.R.

Í ávarpi SMR, Sigurðar Arnar Einarssonar, kom m.a. fram þakklæti til bræðra fyrir framlög þeirra í Frímúrasjóðinn í tilefni 70 ára afmælis hans á síðasta ári. SMR ræddi um opnun Regluheimilisins í ágúst á síðasta ári í tengslum við

menningarnótt, en þá komu um 1400 manns í heimsókn í húsið. Um þetta sagði hann: „Tilgangur þeirra sem komu var að sjálfsögðu margþættur. Allt frá almennri forvitni í það að vita meira um Regluna eða fá staðfestingu á neikvæðni sem margir höfðu um Regluna. Ég held að mér sé óhætt að segja að allir sem komu hingað, sama í hvaða tilgangi þeir komu hafi farið héðan með miklu jákvæðara hugarfari gagnvart Reglunni og starfsemi hennar og er það jákvætt“.

Þá sagði hann enn fremur að ekki væri nema eðlilegt að horfa til framtíðar um áramót og ekki síður að menn gerðu sér grein hvert þeir vildu stefna á nýju ári. „Í 90. Davíðssálmi segir: „Kenn oss að telja daga vora, að vér megum öðlast viturt hjarta“. Það er talið að 90. Davíðssálmur hafi verið fyrirmynd Matthíasar Jochumssonar að þjóðsöng okkar Íslendinga Ó Guð vors lands. Ég held að það sé okkur öllum hollt að hugleiða þetta og þar með hvernig við viljum nota líf okkar.“

SMR ræddi einnig um fréttablað Frímúrarareglunnar og sagði: „Í allmörg ár hef ég rætt um nauðsyn þess að gefa út blað Frímúrarareglunnar. Mér hefur fundist vanta að gefið sé út blað sem upplýsi bræðurna um atburði innan Reglunnar, þannig að þeir séu meðvitaðir um hvað sé að gerast innan Reglunnar en ekki aðeins í þeirra eigin stúku“.

Í lok ávarpsins leiddi SMR hugann að þeim sem komnir eru á efri ár og sagði: „Ég hef oft velt því fyrir mér á hvern hátt við



Valur Valsson heilsar upp á Skúla Ágústsson og Anton Bjarnason.



Glaðbeittir bræður; Garðar Siggeirsson, Werner Rasmussen og Jóhann Ágústsson.

umgöngumst og hugsum um aldraða bræður okkar í Reglunni. Því miður vilja þeir allt of oft gleymast þegar að því kemur að þeir hafa ekki tækifæri eða getu til að sækja fundi“. „Ég vildi biðja Stmm. stúknanna um að skoða þessi mál og athuga á hvern hátt hægt væri að ná til okkar fullorðnu bræðra sem ekki treysta sér til þess að sitja langa fundi“.

Á fundinum veitti SMR nokkrum bræðrum heiðursmerki Reglunnar fyrir langt og mikið starf í þágu hennar og kallaði nýja bræður til stigs R&K.

Guðmundur Kr. Tómasson.



Arnór L. Pálsson  
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson  
útfararstjóri



Frímann Andrésson  
útfararþjónusta



Svafar Magnússon  
útfararþjónusta

— REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST —



Hugrún Jónsdóttir  
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson  
útfararþjónusta



Halldór Ólafsson  
útfararþjónusta



Ellert Ingason  
útfararþjónusta

*Þegar andlát ber að höndum*

*Önnumst alla þætti útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Loftræstikerfi



Kerrusmíði



Ál og Stálsmíði



Öll almenn blikksmíðavinna

**BLIKKSMÍÐJAN  
BORG ehf.**

Flugumýri 8 • 270 Mosfellsbæ  
Sími: 587 6040 • Fax: 587 6045  
Framkvæmdastjóri: Sigurður B Hansen

# Tvær myndir

Sem sóknarpresti fannst mér alltaf skemmtilegt að fara með fermingarbörnunum yfir boðorðin tíu. Það var ekki síst fyrsta boðorðið, sem vakti athygli þeirra: Ég er Drottinn guð þinn. Þú skalt ekki aðra guði hafa. Ég spurði þá gjarnan: Hvaða aðra guði? Svörin streymdu til mín: Allah, Óðinn, Þór, Mammon o.s.frv. En það var sama, hvað börnin töldu upp, ég sagði alltaf: Mig vantar einn guð enn, þann sem er langhættulegastur í samkeppninni við Guð, föður okkar á himnum. Að lokum urðu þau ráðþrota og báðu mig um svarið. Ég sagði þeim þá, að ég væri með mynd af honum í næsta herbergi, en hann væri ægilegur á að líta, þannig að ég væri ekki viss um, að sá svæfi vel næstu nótt, sem sæi myndina fyrstur. Einhver hugaður var þó til þess valinn, en honum brá óneitanlega, þegar ég sýndi honum sjálfan sig í spegli.

Ég benti fermingarbörnunum á, að þegar við brytum eitthvert af boðorðunum, þá væri það ekki fyrir það, að við þekktum þau ekki, heldur af því, að við mætum okkar eigin vilja og langanir meira en vilja og boð Guðs. Þar með værum við búin að setja okkur sjálf í það sæti, sem Guð ætti að skipa í lífi okkar. Þetta væri svo algengt, að við



Sr. Þórir Stephensen

værum eðlilega langhættulegasti guðinn í samkeppninni við Guð, föður okkar á himnum.

Lesandi minn. Þetta varðar ekki bara fermingarbörnin. Þessi boðskapur á erindi til okkar allra. Lítum í spegilinn. Er myndin þar þannig, að líklegt sé, að við vöxum að visku, styrk og fegurð, þ.e.a.s. andlegum þroska, ef við höfum hana að fyrirmynd? Nei, það vex enginn af því að miða við sjálfan sig. Þurfum

við þá ekki aðra fyrirmynd og æðri, sem kemur eins og hvatning, já, líkt og sterk áskorun inn í líf okkar um að verða betri menn? Ég hygg, að því geti enginn neitað. En hvar er hana að finna og þá sem fegursta? Við vitum það vel. Kristur birti okkur Guð, hann sem gaf okkur boðorðin. Kristur, líf hans og kenning er hin eina sanna guðsmynd okkar á meðal.

Við skulum íhuga það, sem Jóhannes skírari sagði um Krist: Hann á að vaxa en ég að minnka. Kristur, hans sterka hjálparhönd, göfug hugsun hans, í einu orði sagt, kærleikur hans, á að vaxa í sálum okkar, en eigingirni okkar og sjálfelska að víkja. Við eigum að vera eins og myndlistarmaður, sem reynir að höggva og fága svo hrjúfan stein, að hann geti náð þar fram mynd Krists. Ég veit vel, að það getur enginn til fullnustu, en margir ná þeim árangri, að engum dylst, að Kristur er fyrirmyndin, þar eð svo margt bendir til hans. Reynum allir að forðast spegilmyndina. Leitum hinnar, sem gefur vöxt kærleika og þroska. Kristur kom okkar vegna. Hann vex ekki af fylgd okkar, en við vöxum af fylgdinni við hann.

Sr. Þórir Stephensen ÆKR.



## Gleðilegt sumar



**VEIÐIHORNIÐ**

Hafnarstræti 5 Sími 551 6760  
Síðumúla 8 Sími 568 8410  
veidihornid.is

# Fagmennska í fasteignaviðskiptum



Sími: 511-1555  **FBJ**

**FASTEIGNASALA**  
**Brynjólfs Jónssonar**

  
FÉLAG FASTEIGNASALA

Síðumúla 21 (Selmúlamegin) • 105 Reykjavík • Sími 511 1555 • fbj@fbj.is • www.fbj.is

# Aðventukaffi

Borðin svignuðu undan kræsingum á Skúlagötunni þegar St. Jóh. stúkurnar buðu „ekkjunum sínum“ til Aðventukaffis 3. desember sl.

Það er árlegur viðburður að bjóða til samveru í byrjun Aðventu. Að þessu sinni komu nokkuð á annað hundrað systur saman og nutu samveru og hlýddu á söng og boðskap jólanna.

St.Jóh.stúkurnar á Stór-Reykjavíkur svæðinu, þ.e.a.s. frá Selfossi vestur á Akranes, bjóða öllum ekkjum bræðra hvaðanæva af landinu sem búsettar eru á þessu svæði til eftimiðdagskaffisins.

Ólafur G. Karlsson stm. St.Jóh.st. Mímis stjórnaði samsætinu að þessu sinni. Séra Hjálmar Jónsson flutti jólahugvekju og Pálmi Gestsson las jólaguðspjallið. Sópransöngkonan Ólöf Sigríður Valsdóttir söng nokkur lög við undirleik Þorkels Sigurbjörnssonar tónskálds.

Undirbúningur og framkvæmd Aðventukaffisins er hjá bræðra-nefndum stúknanna og að þessu sinni hafði br.nefnd Mímis verkstjórnina með höndum. Veisluhöfðingurinn var öll gerð af eiginkonum br.nefndarmanna og önnuðust þær einnig öll eldhússtörf.

Allar systur er komu fengu jólapakka og kerti til að færa ljós jólanna heim í sín hóbýli. Þær systur sem ekki sáu sér fært að koma fengu samskonar sendingu senda heim til sín fyrir jólin.

Það er samdóma álit allra sem að þessu ánægjulega verki koma að þarna finni fólk fyrstu jólatilfinninguna og mörgum systranna finnst sem þarna hefjist jólin í raun.

*Sveinn Grétar Jónsson.*



*Gestir á Aðventukaffinu njóta veitinganna, en borð svignuðu undan krásam.*



*Ólöf Sigríður Valsdóttir og Þorkell Sigurbjörnsson skemmtu gestum.*



*Spjallað saman. Tveir gestanna í Aðventukaffinu, Guðlaug Konráðsdóttir og Inga Birna Dungal.*



...allt gott!

**SPVIF**  
SPARISJÓÐUR  
VESTFIRÐINGA

## Bílaleigubílar erlendis

- sparaðu tíma, peninga og fyrirhöfn.



**Bókaðu bílinn heima í síma 461-6010**



þínar þarfir - okkar þjónusta.

Bókanir erlendis | 461-6010 | 08-17 virka daga | erlendis@holdur.is | holdur.is



**Sako og Tikka Riflar**

**Byssuskápar frá Remington og Novcan**

**Veidiland**

Flugumýri 8 - 270 Mosfellsbæ  
Sími: 588 6830 - Fax: 588 5835  
Vefsíða: www.veidiland.is

Íslenskt handverk  
efnismiklir og vandaðir hringar  
smíðaðir af Ivari Björnssyni,

*láttu sjá þig  
við tökum vel á móti þér!*

Áttundu gráðu hringur



bjóðum alla gull og silfursmíði,  
sérsmíði, leturgröft  
og viðgerðir.

Frimúrarahringurinn



hver hringur  
er númeraður  
og skráður

**Gull & Demantar**  
IVAR BJÖRNSSON  
GULLSMÍÐUR OG LETURGRAFARI  
skólavörðustíg 2 - sími 562 2222 & 551 1290 - fax 562 2282



# Bragakaffi

á laugardögum í Hafnarfirði

Á hverjum laugardegi starfsársins hittast frímúrarabæður í Bragakaffi milli kl 10 og 12 í frímúrarahúsinu að Ljósatröð 2 í Hafnarfirði. Er þetta rétt fyrir lesfund og sjá bókaverðir lesfundarins um allan undirbúning, hella upp á, hita tevatn og kaupa bakkelsi.

Nafnið Bragakaffi er dregið af yfirbókaverði St. Jóh. st. Hamars, Braga Guðrádssyni, en það var að frumkvæði fyrrverandi Stm.

Hamars Guðmundar R. Óskarssonar, að ákveðið var að prófa þetta. Þann 1. apríl 2000 hellti Bragi upp á Bragakaffi í fyrsta sinn. Tókst tilraunin svo vel að Bragakaffi er orðinn ómissandi þáttur í laugardagslífi margra frímúrara-bræðra.

Kaffitímarnir eru nú orðnir 145 að tölu.

Vel á fjórða þúsund nöfn eru nú skráð í gestabók Bragakaffis frá upphafi.

Allir frímúrarabæður eru velkomnir í laugardagskaffið. Þar er gott að hittast, ræða hvaðeina milli himins og jarðar og leysa lífsgátuna. Upplagt er fyrir bræður úr öðrum stúkum en Hamri og Nirði, ekki síst bræður utan af landi, að kíkja í kaffi og spjalla.



Bragi Guðrádsson sker afmælistertuna í tilefni hundraðasta Bragakaffisins.



Skrifað í gestabók Bragakaffis.



Skrafað og skeggrætt í Bragakaffi.



Lífsgátan leyst.

# Vínarferð Glitnis

Um mánaðamótin september-október 2005 fóru rúmlega 70 bræður og systur úr stúkunni Glitni, í skemmtiferð til Vínarborgar. Slíkar ferðir höfðu verið farnar á vegum stúkunnar, fyrst haustið 2000 til Edinborgar og síðan haustið 2002 til Kaupmannahafnar. Þessi ferð til Austurríkis var síðasti stórvíðburður-

betra. Haldið var af stað með rútnni í úthverfið Grinzing þar sem sest var að ríkulegu austurísku hlaðborði við lystilegan undirleik tveggja öldunga á harmonikku og gítar. Ekki var nokkur leið að gera öllum réttunum skil og það var mettur og ánægður hópur sem trítlaði fyrir miðnættið niður þröngar göturnar að rútnni.

Schubert. Margir luku göngunni með því að koma við á einu hinum víðfrægu kaffihúsum borgarinnar. Um kvöldið var hátíðarkvöldverður bræðra og systra í hinni glæsilegu höll Palais Schwarzenberg. Fæstir ferðalanganna höfðu snætt við annan eins íburð í húsakynnum. Máltíðin og þjónustan var til sóma og undir borðum héldu bræður uppi gamanmálum, bæði undirbúnum og óundirbúnum, og flutt var létt ágríp af sögu Austurríkis.

Á laugardagsmorgninum beið rútan framan við hótelið og hópurinn var farinn að iðka dyggð stundvísinnar. Ekið var sem leið lá að Rosenau höllinni þar sem er að finna frímúrarasafn og stórmerkar minjar allt frá miðöldum um starfsemi frímúrara í Austurríki. Ferðin sóttist fremur seint vegna þess hve þung og svifasein rútan var og vegir sums staðar þröngir. Safnið var skoðað og þótti mörgum með ólíkindum hve mikið leiðsögumennirnir, sem ekki voru sjálfir frímúrarar, vissu um starfið á öldum áður. Ekið var um sólríkar sveitir aftur til Vínarborgar. Um kvöldið dreifðist hópurinn á menningarvíðburði af ýmsu tagi, svo sem í óperuna og tónlistarhúsin.

Á sunnudeginum var því miður komið að heimferð eftir frábæra samveru. Margir notuðu morguninn til að fara í kirkju og hlýða á tónleika í glæsilegu umhverfi. Leiðsögukonan íslenska hafði skipulagt útsýnisferð um borgina á leiðinni út á flugvöll og bílstjórinn stýrði þungri rútnni fimlega um þröng strætinn. Gengið var meðal annars upp að grafreit Mozarts, farið inn í garðinn við Schönbrunn höllina og hið litríka stórhýsi „Hundertwasserhaus“ grandskoðað. Það var ánægður en svolítið þreyttur hópur sem steig upp í flugvélinu til Íslands um kvöldið.

Ferðanefndinni eru færðar sérstakar þakkir fyrir frábært skipulag og ferðafélögunum fyrir sérlega ánægjulega samveru.

*Jóhann Heiðar Jóhannsson.*



*Hópurinn við legstað Mozarts.*

inn á „afmælisári“ St. Jóh. st. Glitnis, en 11. janúar 2005 náði stúkan 30 ára aldri. Ferðanefnd var skipuð haustið 2004 og hóf hún þegar undirbúning.

Ferðin hófst á Keflavíkflugvelli þar sem kátur hópur hittist á miðjum morgni fimmtudaginn 29. september, tímanlega fyrir brottför og nefndin afhenti ferðafólkinu dagskrárspjald og myndskreytt ferðagögn. Á flugvellinum í Vín beið hópsins íslensk leiðsögukona og tveggja hæða rúta með innfæddum bílstjóra. Ekið var beint á hótelið Le Meridien rétt hjá Vínaróperunni og skammt frá aðalgöngu-götu miðbæjarins. Ferðalangar komu sér fyrir á glæsilegu hótelinu og fannst ýmsum það ekki geta orðið mikið

Föstudagurinn hófst með ríkulegum morgunverði í matsal hótelsins en síðan var safnast í rólegheitum saman í hliðargötu við hótelið og hin geðþekka leiðsögukona sá ástæðu til að upplýsa Íslendingana um að stundvísi væri sérstök austurísk dyggð. Hún leiddi svo hópin fotgangandi um miðborgina og gerði grein fyrir sögu borgarinnar og þeirra stórfenglegu miðaldabygginga sem hvarvetna má sjá. Súkur, bogar, höggmyndir og fleiri táknmyndir vöktu marga til umhugsunar um þá leyndardóma sem byggingarlist miðalda geymir. Heilsað var upp á íslenska sendiherrann og stytur af tónskáldunum Mozart og

# Ef þú verslar á Netinu...

...hafðu þá vaðið fyrir neðan þig

Verified by  
**VISA**

4000 0014 3456 7899



## Vottun VISA er þjónusta sem miðar að því að gera viðskipti á Netinu enn öruggari.

Eftirtalin fyrirtæki og verslanir eru meðal hinna fjölmörgu sem krefjast Vottunar VISA (Verified by VISA) í viðskiptum við VISA kreditkorthafa á Netinu:

British Airways  
Northwest Airlines  
Jet Blue Airways  
TUI Travel  
Thomas Cook  
Skype

Easy Car  
Comp USA  
Office Max  
Last Minute  
PC World  
Walmart

Wine Cellar  
World Pay  
Play Station  
Niketown  
Reebok  
Petco

Fáðu lykilorðið þitt á **www.visa.is** og nýttu þér Vottun VISA í öruggari viðskiptum á Netinu.

**VISA**  
Öruggari netviðskipti

# Milt og gott alla ævi

## Neutral<sup>®</sup>

### hvid vask



Ikki tilset parfume,  
optísk hvítt  
og färvastoffur



DEKLARERET I SAMARBEJDE  
MED ASTMA ALLERGI FORBUNDET



En holdning til følsom hud



## Neutral<sup>®</sup>

### color



Ikki tilset parfume,  
optísk hvítt  
og färvastoffur



DEKLARERET I SAMARBEJDE  
MED ASTMA ALLERGI FORBUNDET



En holdning til følsom hud



Neutral vörurnar eru viðurkenndar  
af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.

## Neutral<sup>®</sup>

verndar viðkvæma húð

Neutral þvottaefni inniheldur hvorki litarefni, ilmefni, bleikiefni né önnur aukæfni sem eru þekkt fyrir að geta kallað fram kláða og exem. Þess vegna minnkar þú hættuna á snertiofnæmi og ofnæmisviðbrögðum þegar þú þværð með Neutral - bæði hjá þér og börnum þínum. Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.